

Fundur í fræðslunefnd Skaftárhrepps

haldinn í fundarsal Þekkingasetur Klausturvegi 4 föstudaginn 29. apríl kl 15:00

Fundur nr. 179

Mættir: Jón Hrafn Karlsson, Anna Magdalena Buda, Ingimar Helgason, Lilja Magnúsdóttir og Fanney Ásgeirsdóttir, sem ritar fundargerð.

Kl 15:00 Fræðslunefnd

1. Kosning ritara. Fanney Ásgeirsdóttir.
2. Reglur um heimgreiðslur til foreldra barna á leikskólaaldri. Drög að reglum yfirfarin og afgreidd til sveitarstjórnar.
3. Önnur mál. Starfshópur um endurskoðun menntastefnu Skaftárhrepps hefur verið skipaður en ekki hist enn sem komið er.

Kl 15:45 Tónlistarskóli Skaftárhrepps

Mættur: Zbigniew Zuchowicz skólastjóri.

1. Dagleg starfsemi tónlistarskólans. Starfið gengur vel. Nemendum fjölgaði um þrjá síðan í byrjun febrúar og eru nú 21. Stefnt að opnum lokatónleikum 18. maí.
2. Ástand veggja í tveimur stofum tónlistarskólans. Mikill raki í veggjum, verða klæddir að utan í sumar. Mikilvægt að mála og ganga frá rakaskemmdum áður en kennsla hefst í haust.
3. Ræsting í tónlistarskóla. Nauðsynlegt að skoða betur fyrirkomulag á ræstingu í húsnæði tónlistarskólans.
4. Áætlun fyrir skólaárið 2022/2023. Stefnt að gagnkvæmum heimsóknnum nemenda í samvinnu við tónlistarskóla Mýrdalshrepps og að nýta hvert tækifæri til að nemendur fái að spila fyrir áheyrendur. Stefnt að því að vinna meira með íbúum á Klausturhólum í formi tómstundastarfs.

Kl 16:15 Heilsuleikskólinn Kærribær

Mættir: Guðrún Sigurðardóttir leikskólastjóri og Bergur Sigfússon fulltrúi foreldra.

1. Drög að skóladagatali fyrir veturinn 2022/2023. Drög kynnt fræðslunefnd. Leikskólastjóri óskar eftir að fá að setja menntadag Félags- og skólaþjónustunnar, 18. ágúst, inn á skóladagatal sem viðbótarskipulagsdag. Fræðslunefnd samþykkir það.
2. Fjöldi leikskólabarna veturinn 2022/2023. Stefnir í a.m.k. 38 börn næsta vetur á leikskólanum sem er alveg á þolmörkum húsnæðisins.

AMB

JH

JA

KG

LM

FH

3. Starfsmannamál. Leikskólinn er fullmannaður en erfitt að manna veikindi og önnur forföll. Umræður um mögulega styttingu opnunartíma leikskólans.
4. Umsögn vegna endurskoðunar læsisstefnu Skaftárhrepps. Er í vinnslu.
5. Húsnæðismál. Huga þarf að framtíðar húsnæðismálum leikskólans í ljósi fyrirséðar íbúafjölgunar í sveitarfélaginu. Enda núverandi húsnæði þegar orðið of lítið og hentar ekki vel fyrir starfsseminna.

Kl 17:15 Kirkjubæjarskóli

Mættir: Katrín Gunnarsdóttir skólastjóri, fulltrúi kennara boðaði forföll, enginn fulltrúi foreldra.

1. Drög að skóladagatali fyrir veturinn 2022/2023. Skóladagatal kynnt fræðslunefnd, fræðslunefnd samþykkir dagatalið.
2. Umsögn vegna endurskoðunar læsisstefnu Skaftárhrepps. Skólastjóri fer yfir drög að endurskoðun.
3. Starfsmannamál. Þörf á fjölgun stuðningsfulltrúa næsta skólaár. Ekki búið að auglýsa eftir kennurum fyrir haustið, gerist á næstu dögum.
4. Húsnæðismál. Fyrirsjáanleg fjölgun nemenda á næstu árum kallar á úrbætur í húsnæðismálum. Skólastjóri hefur hug á að breyta tölvusvæðinu í aðstöðu fyrir nemendur með sérþarfir.
5. Trúnaðarmál, Fært í trúnaðarmálabók.

Fundi slitið kl 18⁵⁴
 Farney Ásgeirsdóttir

Litja Magnúsdóttir

Jónas Helgason

Katrín Gunnarsdóttir
 Anna Magdalena Buda

Leif Hlusk Karkse